

LÖG

um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Útboðnar einingar skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjóðnum er einnig heimilt að leggja fé úr stofnsjóði í framtakssjóði með öðrum fjárfestum. Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í hverjum framtakssjóði má ekki vera meiri en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun framtakssjóða eða tiltekna þjónustu þeim til handa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.